

Ed.

352. Frumvarp til laga

[160. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965--66.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1.	12.03	09	orðist svo:		
		09	Annað	0
2.	13.03	02	orðist svo:		
		02	Lakkriseextrakt í 4 kg blokkum eða stærri og fljótandi lakkriseextrakt, eða lakkrisduft, á 3 lítra ílátum eða stærri	40%
3.	18.06		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		03	Búðingsduft	100%
4.	25.23	00	orðist svo:		
		00	Portlandssement, alúmínatsement, slaggssement, og annað hydrólískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall	20%
5.	28.25	00	orðist svo:		
		00	Títanoxyd	25%
6.	38.19		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		18	Efnivörur til sútunar	35%
7.	39.07		orðist svo:		
		39.07	Vörur úr efnum, sem teljast til nr. 39.01—39.06:		
		31	Netjakúlur og netjakúlupokar, nótaflotholt	2%
		32	Fiskkassar, fiskkörfur og línubalar	4%
		33	Lóðabelgir	4%
		34	Vörur til hjúkrunar og lækninga	35%
		35	Björgunar- og slysavarnartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
		36	Mjólkurbrúsar, 10 lítra og stærri	10%

37	Pípuhlutar (fittings), svo og pípu- og vélapéttingar og hliðstæðir smáhlutir til véla	35%
38	Boltar, rær, undirlög (skinnur) o. þ. h.	50%
39	Vatnsferingarútbúnaður	35%
41	Geymar, ker og önnur stór ílát með yfir 300 lítra rúmtaki	50%
43	Pokar til vélþökkunar á vörum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%
45	Lampar, lampaskermar og lýsingatæki	90%
46	Umbúðakassar úr plasti, að rúmmáli 0,01 m ³ og stærri ..	50%
48	Flöskur, krukkur, dósir, tappar og hettur, svo og brúsar ót. a.	60%
51	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
52	Verkfæri, ót. a.	35%
53	Pokar, ót. a.	50%
54	Hreinlætistöki	80%
55	Dúkar og þynnur, tilsniðið til fataframleiðslu o. þ. h. ..	90%
56	Fatnaður	90%
58	Búsáhöld, þar á meðal brúsar minni en 10 lítra	100%
61	Tunnur	35%
62	Tilbúin hús og mannvirki og húshlutar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%
63	Veggplötur, formsteyptar	40%
64	Úraglós	50%
65	Rúður	50%
66	Niðurskornar gervibeitur til handfæraveiða í sjó	4%
67	Mjólkurumbúðir, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
68	Smávarningur og annað þess háttar, úr plasti, til að búa, slá eða leggja með ýmsa hluti, snagar, fatahengi, hilluhné og annað þess háttar	40%
71	Girðingastaurar	20%
72	Kúplar og glös fyrir siglingaljós og duflaljósker	35%
73	Skrautvörur	100%
89	Aðrar vörur úr plasti	70%
8. 42.03	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
03	Úrarmbönd	70%
9. 42.05	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
02	Töskuhandföng	70%
10. 44.23	orðist svo:	
44.23	Trésmíðavörur til bygginga (þar með talin ósamsett, tilsniðin hús og samsett parketgólf):	
01	Hurðir, gluggar og karmar til þeirra	40%
02	Hús tilhöggvin	40%
03	Innréttingar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	60%
09	Annað	50%
11. 48.07	orðist svo:	
48.07	Pappír eða pappí, gegndreyptur, húðaður, yfirdreginn, litaður eða skreyttur á yfirborði eða áprentaður (þó ekki pappír og pappí, sem telst til nr. 48.06, eða prentaðar vörur, er teljast til 49. kafla), í rúllum eða örkum:	
10	Prent- og skrifpappír	30%

	Annað:		
	81	Pappaumbúðir um mjólk, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%
	82	Pappír og pappi, vaxborinn eða plastborinn	30%
	83	Þakpappi og annar asfaltborinn pappír	35%
	84	Pappír og pappi, áprentaður, ót. a.	60%
	85	Límborinn pappír	30%
	86	Veggfóður	35%
	87	Einangrunarplötur	40%
	88	Vaxborinn pergamentpappír utan um fisk til útflutnings, enda sé á honum viðeigandi áletrun	4%
	91	Umbúðapappír, áprentaður, utan um brauð	40%
	92	Pappi til myndamótagerðar	25%
	93	Efni í vélapéttingar	35%
	99	Annars	60%
12.	48.18	00 orðist svo:	
	48.18	Skrifstofubækur, stílabækur, minnisbækur og blokkir, pöntunarbækur, kvittunarblokkir, dagbækur, ritundirlög, bréfa- og skjalabindi, bókabindi, skrifmöppur og annað þess háttar úr pappír og pappa; sýnishornaalbúm og önnur albúm og bókahlífar úr pappír og pappa:	
		01 Frimerkjaalbúm	50%
		09 Annað	100%
13.	48.19	orðist svo:	
		01 Vöru- og merkimiðar, óáprentaðir	50%
		02 Áprentaðir merkimiðar fyrir útflutningsafurðir	4%
		09 Annað	70%
14.	48.21	01 orðist svo:	
		01 Pípur og vélapéttingar og hliðstæðir smáhlutir til véla ..	35%
		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		07 Dömubindi og barnableiur	35%
15.	49.08	00 orðist svo:	
	49.08	00 Færimyndir alls konar	50%
16.	49.11	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		02 Biblíumyndir og myndir til notkunar við kennslu í skólum	0
17.	59.11	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		04 Einangrunarbönd	35%
18.	60.01	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		04 Hringprjónuð grisja til umbúða um kjöt	2%
19.	62.05	orðist svo:	
	62.05	Aðrar tilbúnar spunavörur (þar með talin snið):	
		01 Skóreimar	40%
		02 Björgunar- og slysavarnataeki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
		03 Öryggisbelti	35%
		04 Úrarmbönd	70%
		05 Rúðupéttingar	35%
		06 Plötur til veggklæðningar	40%
		07 Geymar með yfir 300 lítra rúmtaki	50%
		08 Ofnir hólkar til umbúða	50%
		09 Annars	100%

20.	70.14	02 og 03	orðist svo:		
		02	Glös fyrir oliulampa		35%
		03	Luktagler og endurskinsgler fyrir farartæki og dufla- ljósker		35%
21.	73.10		orðist svo:		
	73.10		Stengur (einnig vírstengur) úr jární eða stáli, heitvalsaðar, slegnar, þrykktar eða kaldunnar; jarðborspípur úr stáli:		
			<i>Valsaður vir:</i>		
		11	Vír til framleiðslu á naglavír, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins		15%
		19	Annað		35%
			<i>Annað:</i>		
		21	Steypustyrktarjárn		35%
		23	Jarðborspípur úr stáli		35%
		29	Annars		15%
22.	73.21		orðist svo:		
	73.21		Mannvirki (t. d. skemmur og aðrar byggingar, brýr og brúar- hlutar, stíflur, turnar, súlnagrindur, þök, þakgrindur, glugga- og hurðagrindur, hlerar, handrið, stöplar og súlur), hálf- eða fullgerð, samsett eða ósamsett, úr jární eða stáli; plötur, bönd, stengur, bjálkar, prófiljárn, pípur o. þ. h., tilsniðið til notkun- ar í mannvirki, úr jární eða stáli:		
		01	Bryggjur og brýr, hálf- eða fullgerðar, samsettar; plötur, bönd, stengur, bjálkar, prófiljárn, pípur o. þ. h., tilsniðið til notkunar í bryggjur eða brýr		35%
		02	Innréttingar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjár- málaráðuneytisins		60%
		09	Annað		40%
23.	73.23		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		04	Áletraðar dósir utan um útflutningsvörur		4%
24.	76.08		orðist svo:		
	76.08	00	Mannvirki (t. d. skemmur og aðrar byggingar, brýr og brúar- hlutar, turnar, súlnagrindur, þök, þakgrindur, glugga- og hurðagrindur, hlerar, stöplar og súlur), hálf- eða fullunnin, samsett eða ósamsett, og hlutar til þeirra (þar með taldar plötur, stengur, bjálkar, próflar, pípur o. þ. h., tilsniðið til notkunar í mannvirki), úr alumíni		40%
25.	76.16		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		08	Bólur til gatnamerkingar		35%
26.	79.06		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		05	Forskaut		15%
27.	83.01	00	orðist svo:		
	83.01	00	Lásar og skrár (til notkunar með lykli, rafmagni eða öðru) og hlutar til þeirra, úr ódýrum málmum; ramar með lás fyrir handtöskur, ferðakistur og annað þess háttar og hlutar til þeirra, úr ódýrum málmum; lykilar til allra ofangreindra vara, fullgerðir eða ófullgerðir, úr ódýrum málmum		40%
28.	83.02	00	orðist svo:		
	83.02	00	Smávarningur og annað þess háttar, úr ódýrum málmum, til að búa, slá eða leggja með ýmsa hluti, svo sem húsgögn, hurðir, stíga, glugga, vinduglugga, tjöld; enn fremur til vagn- gerðar, söðlasmiði, ferðakista, skrína og annars þess háttar (þar með taldar sjálfvirkar dýralokur); snagar, fatahengi, hilluhné og annað þess háttar úr ódýrum málmum		40%

29.	83.13	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	03	Áprentuð lok á dósir um útflutningsafurðir, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	4%
30.	84.18	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
	25	Lofthreinsunartæki til heimilisnotkunar	80%
31.	84.30	05 orðist svo:	
	05	Flökunarvélar, flatningsvélar, síldarsöltunarvélar, roðflettingarvélar og hausskurðarvélar til vinnslu á fiski ..	10%
32.	84.61	02 falli niður.	
33.	85.04	00 orðist svo:	
	85.04	Rafgeymar:	
	01	Efni í rafgeyma	20%
	09	Annað	40%
34.	87.02	Eftirtalin númer orðist svo:	
	37	Bifreiðar í jeppaflokki, með ekki meira bíl en 100" milli miðdepla ása	40%
	38	Sjúkrabifreiðar, sem jafnframt eru ætlaðar til sérstakra annarra nota, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins hverju sinni	40%
35.	94.03	00 orðist svo:	
	94.03	Önnur húsgögn og hlutar til þeirra:	
	01	Innréttingar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	60%
	09	Annað	90%

2. gr.

Á eftir 42. lið laganna, eins og sá liður er í 1. gr. laga nr. 102 22. des. 1965, komi þrír nýir liðir, svo hljóðandi:

- | | |
|----|--|
| 43 | Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í sveitarfélögum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema af einni vélasamstæðu á hverjum stað. |
| 44 | Að lækka eða fella niður gjöld af sölumerkjum, sem góðgerðar-fyrirtæki flytja inn til sölu í fjáröflunarskyni. |
| 45 | Að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunar-kerfum í kartöflugörðum, sem svari því, að af efninu sé greiddur 10% verðtollur. |

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi 23., 33., 49., 60., 89. og 95. liður laga nr. 15 21. maí 1964 og nr. 84.30.05 í 15. lið laga nr. 11 24. apríl 1965.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og opinberlega hefur verið tilkynnt, hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita sér fyrir lækkun á innflutningstollum af húsum og húshlutum. Tollar af húsum og húshlutum eru nú samkvæmt tollskrárlögum ýmist 50% eða 60%, eftir því, hvort um er að ræða hús úr járn og stáli eða timbri. Tollur af byggingavörum er ýmist 35%, 40%, eða 50%, ef um er að ræða vörur, sem einnig eru framleiddar hér í landinu, svo sem samsett gler, saumur og fleira. Þegar tillit er tekið til þessa, þótti ekki rétt að fara með hinn almenna toll af húsum og húshlutum neðar en í 40%, þar eð óeðlilegt þykir, að fullunnin vara sé lægra tolluð heldur en efnivaran til framleiðslu hennar. Er því á þessu stigi gert ráð fyrir, að tollur af húsum og húshlutum verði lækkaður í 40%. Þá er lagt til í frumvarpinu, að tollur af sementi lækki úr 35% í

20%. Í frumvarpinu er einnig að finna nokkrar tæknilegar leiðréttingar og staðfestingar á þegar gerðum úrskurðum. Að öðru leyti vísast til athugasemda við hinar einstöku breytingatillögur.

Um 1. gr.

1. Í gildandi lögum er grasfræ, í 10 kg umbúðum og stærri, tollfrjálst, en annað fræ er með 20% tolli. Lagt er til, að annað fræ, svo sem trjáfræ, blómafræ o. fl., verði einnig tollfrjálst.
2. Lagt er til, að víkka nr. 13.03.02, sem tekur til lakkrisextrakts í 4 kg blokkum eða stærri og fljótandi lakkrisextrakts í 3 lítra ílátum eða stærri, þannig að liðurinn nái einnig yfir lakkrisduft á 3 lítra ílátum og stærri með 40% tolli. Hefur verið í 125% tolli til þessa.
3. Hér er lagt til, að búa til nýtt númer yfir búðingsduft með 100% tolli til samræmis við búðingsduft í nr. 21.07, en búðingsduft það, sem hér tollast, hefur verið með 125% tolli til þessa.
4. Lagt er til, að tollur af sementi lækki úr 35% í 20%. Þegar litið er til hinnar miklu náttúrlegu verndar, sem sement hefur vegna þyngdar og kostnaðar við flutning til landsins, þykir óeðlilegt að hafa tollvernd svo háa sem verið hefur, og er því lagt til, að tollurinn af sementi verði lækkaður í 20%.
5. Lagt er til að lækka toll af titanoxyd, sem er mikilvægt hráefni fyrir málningargerðir og fleira, úr 35% í 25%.
6. Lagt er til að lækka toll af efnivörum til sútunar úr 50% í 35% til samræmis við sams konar vöru í nr. 34.02.
7. Nokkrar breytingar verða á númerum undir þessum lið: Björgunartæki úr plasti eru með 20% tolli, en hér er lagt til að víkka þann lið, þannig að lági tollurinn nái einnig til slysavarnatækja auk björgunartækja. Tollur af smávarningi úr plasti lækkar úr 70% í 40%.
Lagt er til að lækka toll af girðingarstaurum úr plasti í 20% til samræmis við sams konar vöru úr járn í nr. 73.40. Tollur af kúplum og glösum fyrir siglingaljós og duflaljósker er hér lækkaður úr 100% í 35%. Þá er búið til nýtt númer fyrir hús og mannvirki og húshluta með 40% tolli. Það númer tekur eftirleiðis einnig til glugga, gluggakarma og hurða úr plasti og lækkar þá tollur af því úr 50% í 40%. Aðrar vörur úr plasti eru lækkaðar úr 100% í 70%.
8. Hér kemur inn nýtt númer fyrir úrarmbönd með 70% tolli til samræmis við sams konar vöru úr járn í nr. 73.40, en úrarmbönd úr leðri hafa til þessa verið með 90% tolli.
9. Hér kemur inn nýtt númer fyrir töskuhandföng með 70% tolli, en hefur til þessa verið með 100% tolli. Er þetta gert til samræmis við toll af sams konar vöru úr járn í nr. 83.09.
10. Hér er lagt til, að tollur af húsum og húshlutum úr timbri, sem nú er 60%, lækki í 40%, sbr. það, sem segir í upphafsorðum athugasemda við lagafrumvarpið. Tollur af samsettum parketgölfum lækkar þó aðeins í 50%, eða í sama toll og er af parketstöfum í nr. 44.13. Þá er búið til nýtt númer fyrir innréttingar, sem í einstaka tilfellum geta talizt til þessa númers, með 60% tolli, sbr. nr. 94.03.
11. Í gildandi lögum er þakpappi með 35% tolli, en hér er lagt til að víkka það númer þannig, að það nái einnig til asfaltsborins pappírs, sem þá lækkar úr 60% tolli. Þá er lagt til, að búin verði til nokkur ný númer, fyrir umbúðapappír áprentaðan utan um brauð með 40% tolli, fyrir pappa til myndamótagerðar með 25% tolli og fyrir efni í vélapéttingar með 35% tolli. Vörur þessar hafa verið í 60% tolli.
12. Gert er ráð fyrir að lækka toll af frimerkjaalbúnum úr 100% í 50%.
13. Búið er til nýtt númer fyrir áprentaða merkimiða fyrir útflutningsafurðir með 4% tolli, og er þá ekki gert ráð fyrir, að tollendurgreiðsla fáiist við útflutning hinna fullunnu afurða. Varan er nú í 70% tolli.

14. Vélapéttingar og pípur úr sellólósavatti eru nú með 35% tolli. Lagt er til að vikka númer það, sem tekur til þessara vara, þannig að það nái einnig til ýmiss konar smáhluta til véla með 35% tolli. Hér kemur inn nýtt númer fyrir barna-bleiur og dömubindi með 35% tolli til samræmis við sams konar vörur úr vatti og spunaefnum í nr. 59.01. Vörur þessar eru nú með 100% tolli.
15. Lagt er til að lækka toll af þessu númeri, sem tekur til ýmiss konar færimynda, þar með talið færiletur fyrir prentiðnaðinn, úr 90% í 50% toll.
16. Lagt er til, að búa til nýtt númer fyrir biblíu- og fræðslumyndir, sem verði tollfrjálst.
17. Hér kemur inn nýtt númer fyrir einangrunarbönd úr spunaefnum með 35% tolli til samræmis við sams konar vöru úr ýmsum öðrum efnunum. Varan er nú með 65% tolli.
18. Lagt er til að búa til nýtt númer fyrir efni í kjötpoka, sem flokkast undir þennan tollskrárlið, sem verði með 2% tolli til samræmis við toll af kjötpokunum fullunnum í nr. 60.05.
19. Björgunartæki úr spunavörum eru með 20% tolli, en hér er lagt til, að númerið verði vikkað og nái einnig til slysavarnatækja með hinum lága tolli. Búin eru til nokkur ný númer undir þessum lið, fyrir úrarmbönd í 70% tolli, rúðupéttingar með 35% tolli, plötur til veggklæðningar með 40% tolli og geyma með yfir 300 lítra rúmtaki með 50% tolli til samræmis við toll af vörum þessum úr öðrum efnunum. Einnig er nýtt númer fyrir ofna hólka til umbúða með 50% tolli. Tollur af vörum þessum er nú 100%.
20. Lagt er til að búa til nýtt númer fyrir luktagler og endurskinsgler fyrir farartæki og duflaljóskef með 35% tolli. Tollur af vörunni er nú 100%.
21. Lagt er til, að allt steypustyrktarjárn verði með 35% tolli, án tillits til þess, hver sverleiki þess er, en það er nú með 15% tolli, ef það er yfir 25 mm í þvermál. Allt smíðajárn verður nú með 15% tolli, en var með 35% tolli, ef það er undir 25 mm í þvermál.
22. Númer þetta (þ. e. 73.21.09) tekur til ýmissa mannvirkja og hluta til þeirra, og er lagt til að tollurinn lækki úr 50% í 40%. Búið er til nýtt númer fyrir innréttingar úr jární með 60% tolli, sbr. nr. 94.03.
23. Hér kemur inn nýtt númer fyrir áletraðar dósir utan um útflutningsvörur með 4% tolli, og er þá gert ráð fyrir, að tollgjöld verði ekki endurgreidd við útflutning hinna fullunna afurða. Tollur af vöru þessari er nú 50% við innflutning, en tollgjöld eru endurgreidd eftir á, þegar hin fullunna vara hefur verið flutt úr landi.
24. Tollur af vörum þessum, sem eru húsi, skemmur og aðrar byggingar og hlutar til þeirra úr alúmíni, lækkar úr 50% og 60% í 40%.
25. Hér kemur inn nýtt númer fyrir bólur úr alúmíni, til að merkja gangbrautir o. fl. með 35% tolli, en hefur til þessa verið í 70% tolli.
26. Hér kemur inn nýtt númer fyrir forskaut, sem eru vörur úr zinki, til að varna ryðmyndun á stálskipum, og er lagt til, að tollurinn verði 15%, en hefur verið 70% til þessa.
- 27.—28. Lagt er til að lækka toll af lásnum og skránum og ýmiss konar smávarningi úr ódýrum málmum úr 70% í 40%, en vörur þessar eru mikið notaðar í byggingaiðnaðinum.
29. Hér kemur inn nýtt númer fyrir áprentuð lok á dósir um útflutningsafurðir með 4% tolli, og verður þá sá tollur ekki endurgreiddur við útflutning afurðanna. Tollur af öðrum lokum er 70%.
30. Lagt er til, að búið verði til nýtt númer fyrir lofthreinsunartæki til heimilisnota með 80% tolli, sem er hinn almenni tollur af heimilistækjum. Lofthreinsunartæki þau, sem teljast til þessa númers, hafa verið með 35% tolli til þessa.
31. Númer þetta, sem tekur til flökunarvéla, flatningsvéla og hausskurðarvéla til vinnslu á fiski, er nú með 10% tolli. Hér er lagt til að vikka númerið, þannig að

- það nái einnig til sildarsöltunarvéla og roðflettingavéla, sem nú eru með 25% tolli.
32. Lagt er til, að númer þetta, sem tekur til blöndunartækja, falli niður. Lækkar þá tollur af þeim úr 60% í 35%, sem er hinn almenni tollur af efnivörum til pípulagna.
 33. Lagt er til að lækka toll af efni í rafgeyma úr 30% í 20%.
 34. Bifreiðar í jeppaflokki með ekki meira bil en 94 tommur milli miðdepla ása, eru nú með 40% tolli og 30% leyfisgjaldi, samkvæmt nýútgefinni reglugerð. Lagt er til að lengja það bil, sem má vera milli miðdepla ása, þannig að það verði 100 tommur. Þá er lagt til að breyta númeri því, sem tekur til sjúkrabifreiða, sem jafnframt eru lögreglubifreiðar, þannig að númerið nái eftirleiðis til sjúkrabifreiða, sem jafnframt eru ætlaðar til sérstakra annarra nota, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, og verði slíkar bifreiðar með 40% tolli, en undanþegnar leyfisgjaldi.
 35. Lagt er til að skipta þessu númeri, sem tekur til húsgagna og hluta til þeirra, þannig að sérstakt númer verði búið til fyrir innréttingar með 60% tolli, en önnur húsgögn verði áfram í 90% tolli.

Um 2. gr.

Í 3. gr. laganna eru tekin inn þrjú ný heimildarákvæði, eitt um að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í sveitafélögum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema af einni vélasamstæðu á hverjum stað. Heimild, hliðstæð þessari, er nú í 22. gr. fjárlaga, en rétt þykir að taka heimildina inn í tollskrárlög. Þá er lagt til að taka inn heimild til að lækka eða fella niður gjöld af sölumerkjum, sem góðgerðafyrirtæki flytja inn til sölu í fjáröflunarskyni. Mjög mikið er um það, að góðgerðafyrirtæki fari fram á tollundanþágur af hinum og þessum vörum, sem þau flytja inn til starfsemi sinnar, en engin heimild hefur verið í lögum til að undanþiggja slíkar vörur innflutningstollum. Er því lagt til að taka þessa heimild inn í tollskrárlögin og einskorða niðurfellinguna við sölumerki.

Í þriðja lagi er lagt til að taka inn heimild til að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum fyrir kartöflugarða, sem svari því að af efninu sé greiddur 10% verðtollur.